

Sensor ehf.

Garðabær, 10. júní 2025

202505-0138/I.M.B.

10.02.01

Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Reykjanesfólkvangur, Gullfoss, Geysir

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Sensor ehf, dagsett 22. maí 2025, um leyfi til notkunar kvikmyndatöku í Reykjanesfólkvangi og við Gullfoss og Geysi dagana 14. og 15. júní 2025.

Geysir er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýingu nr. 660/2020](#). Allt rask á jarðminjum er óheimilt, þ.m.t. hvers konar áletranir og rask á virkni og vatnsstöðu hverasvæðisins, rask á hverahrúðri, hverum, jarðvegi og steinum, nema að fengnu leyfi. Flug fjarstýrðra loftfara er óheimilt yfir svæðinu nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Gullfoss er friðlýstur sem friðland sbr. [auglýsing nr. 141/1979](#). Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Samkvæmt [stjórnunar- og verndaráætlun](#) friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi fyrir kvikmyndatöku á bílastæði við norðan við Indjána höfða við Kleifarvatn, á efri og neðri palli við Gullfoss og við Strokk. Verkefnið mun taka 2-3 klukkustundir á hverjum stað. Bílum og búnaði verður lagt á bílastæðum. Við Gullfoss og Geysi verður notaður dróni þar sem flogið verður að lágmarki í 30 m hæð fyrir ofan stíga. Á Geysissvæðinu verður ekki flogið yfir hverina. Markmiðið með drónamyndatökunni er að ná stórri yfirlitsmynd af svæðinu öllu þegar Strokkur gýs og verður dróninn þá staðsettur yfir stíg vestan Strokks. Verkefnið við Strokk mun fara fram 15. júní.

Við Gullfoss er gert ráð fyrir að leggja tækjum, bílum og búnaði á neðra bílastæði og verður umfangið sem nemur tveimur rútustæðum. Myndað verður með dróna vestan fossins og til norðurs til að ná myndefni af Gullfossi. Verkefnið mun fara fram 15. júní.

Við Kleifarvatn mun bíll vera notaður sem leikmynd. Verkefnið fer þar fram 14. júní. Verkefnið mun ekki hindra umferð annarra gesta á svæðunum.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur að verkefnið hafi ekki áhrif á verndargildi né náttúrufar svæðanna. Verkefnið gæti haft tímabundin áhrif á gesti á meðan tökur standa yfir en hægt að draga úr þeim sé skilyrðum leyfisins fylgt.

Niðurstaða:

Náttúruverndarstofnun veitir Sensor ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatökum við Gullfoss, Strokk og Kleifarvatn sbr. lýsingu hér að ofan dagana 14. og 15. júní 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhringsfyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Samráð skal haft við svæðissérfræðing/landvörð um nánari staðsetningu bíla og búnaðar á meðan verkefni stendur.
- Einungis skal unnið á merktum göngustígum og bílastæðum.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðanna og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- **Af öryggisástæðum er óheimilt að fljúga ómönnuðu loftfari undir 50 m yfir Strokki.**
- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðinu er óheimilt að setja drónann á loft.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 1360/2024

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 1360/2024, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar dróna verða að skrá drónana hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmanni Náttúruverndarstofnunar.

Virðingarfyllt

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

Sérfræðingur

Valdimar Kristjánsson

svæðissérfræðingur